



Fornleifaskráning í V- og A-Húnavatnssýslu vegna lagningu Holtavörðuheiðarlínu 3 frá Hrútafirði að Blönduvirkjun

Valkostir A1, A2, D1 og D2



Bjarni F. Einarsson
2023

Forsíðumyndin sýnir vörðu eða refagildru í landi Reynhóla. (Fornleifar nr. 58:1.
Ljósm. BFE 2023).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landsnet
Nóvember 2023

Inngangur

Að beiðni VSÓ verkfræðistofu, fyrir hönd Landsnets kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á nokkrum valkostum (A1, A2, D1 og D2) að Holtavörðuheiðarlínu 3 frá Hrútafirði að Blönduvirkjun (sjá mynd 1). Leiðin liggur í gegnum tvö sveitarfélög, Húnaþing vestra og Húnavatnshrepp.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort, Sýslu- og sóknarlýsingar og fyrri skráningar þegar við átti. Flestar þessar heimildir komu ekki við sögu, en voru hafðar sem viðmið.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 31. júlí – 21. ágúst síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Að minnsta kosti 40 m svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu línu var skoðað, oftast meira.

Áður hafa nokkrir aðrir valkostanna verið skoðaðir. Þeir eru valkostir B, B1 og B2, og skýrsla um þá liggur fyrir (Bjarni F. Einarsson 2022).


Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktar og umfang og mæligögnunum svo varpað inn á stafræna loftmynd. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélögunum tveim í gagnagrunni Fornleifafræðistofunnar.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með staðsetningu fornleifa (mynd 2–15). Loftmyndirnar eru í lok skýrslunnar.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá ýmsum ábúendum þar sem til þeirra náðist. Er þeim öllum þakkað fyrir.

Áður hafa verið gerðar fornleifaskráningar í sveitarfélögunum, en engin þeirra kemur við sögu hér.

Fulltrúi verkkaupa var Íris Anna Karlsdóttir hjá VSÓ ráðgjöf og Anna Sígga Lúðvíksdóttir hjá Landsneti.



Mynd 1. Valkostir línunar. Rauður valkostur (A1 og A2 voru skoðaðir 2022. Tölur innan ramma vísa í númer teikninga á myndum 2-15. (Teikn. VSÓ).

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lög-unum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Engar friðlýstar fornleifar eru á eða nálægt rannsóknarsvæðinu. Þær sem næstar liggja eru minjar er heita Forni-Bær í landi Mela í Hrútafirði í Strandasýslu, en þær eru tæplega 700 m vestur af línuleiðinni, hinum megin hringvegarins (Fornleifaskrá 1990:40) og þingminjar svokallaðs Syngjanda í landi Steinness á vesturbökkum Hnausakvíslar í Húnavatnshreppi, en þær eru um 2,5 km austur af línuleiðinni (Fornleifaskrá 1990:42).

Nr.	Teg.	Fj.	Valkostur	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Fríðlýst?	Mót.
	Húnaþing vestra										
51	Garður	1	D	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
52	Landamerki	3	A	Rafmagnslína	Lítill	Ágætt	-1550	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
53	Gata	1	A	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
54	Gata (reiðgötur)	1	D2-V	Rafmagnslína	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
55	Varða	1	D2-V	Rafmagnslína	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
56	Varða	1	D2-V	Rafmagnslína	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
57	Rúst	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
58	Varða/refagildra	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
59	Varða	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
60	Varða	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
61	Varða	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
62	Rúst?	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Könnunarskurður
63	Rúst	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
64	Rúst	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
65	Rúst	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
66	Rúst	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
67	Rúst	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
68	Garður	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Pversnið
69	Garður	1	D	Rafmagnslína	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Pversnið
70	Rúst	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
71	Uppspretta	1	D1	Rafmagnslína	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
72	Sáðreitir	1	D1	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
107	Varða	1	D2V	Rafmagnslína	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
108	Sel	1	D2-V	Rafmagnslína	Mikil	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Nei	Rannsókn
109	Varða	1	D2-V	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
110	Varða	1	D2-V	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
	Húnavatnshreppur										
6	Gata	1	A2	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
7	Varða	1	D	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
8	Rúst?	1	D1-A	Rafmagnslína	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Könnunarskurður
9	Garður	1	D1-A	Rafmagnslína	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Pversnið
10	Garður	1	D1-A	Rafmagnslína	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Pversnið
11	Gata (reiðgötur)	1	D2-A	Rafmagnslína	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
12	Rúst	1	D2-A	Rafmagnslína	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
13	Varða	1	D2-A	Rafmagnslína	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
14	Gata (reiðgötur)	1	D2-A	Rafmagnslína	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
15	Eyðibýli	1	D2-A	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Nei	Rannsókn
16	Garður	1	D	Rafmagnslína	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Pversnið
17	Varða (eyktarmark)	1	D2-A	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
18	Gata	1	D2-A	Rafmagnslína	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
	Samtals:	41					Meðaltal:				

Tafla 1. Tafla yfir hinar skráðu minjar á nokkrum valkostum hins fyrirhugaða rafstrengs sem skoðaðir voru. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi lítilli hættu, talsverðri hættu eða mikilli hættu. Fornleifar sem ekki eru í neinni hættu þurfa engra mótvægisáðgerða við, nema annað komi í ljós. Hættumat fornleifa sem eru í annarri hættu óviðkomandi línulögninni er skráð í fornleifaskránni. Sé ekki hægt að tryggja öryggi minjanna eru mótvægisáðgerðir tilgreindar í töflunni.

Valkostur D1-V er valkostur við valkost D vestast og D1-A austast.

Samtals voru 39 staðir skráðir í tengslum við vettvangskonunnina og var fjöldi fornleifa 41, en þrír landamerkjasteinar (nr. 52) í Húnaþingi vestra voru taldar sem þrjár fornleifar á einum stað.

Í öllum tilvikum hafa fornleifar sama minja- og varðveislugildi. Einar fornleifar töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi, en það voru leifar Selsins (nr. 108) í Hrutafirði.

10 fornleifar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi og 30 fornleifar á 29 stöðum eru taldar hafa lítið minja- og varðveislugildi.

Allar fornleifarnar eru taldar vera frá tímabilinu 1550–1900. Þessar aldursgreiningar eru með fyrirvara því undir einhverjum þeirra geta leynst leifar af eldri minjum. Fornleifar nr. 108, Selið, gæti verið eldra en 1550. Þar gætu fleiri minjar leynst undir sverðinum sem er mjög þýðður og flókið að greina þar fleiri rústir.

Tímabundið hættumat er í flestum tilfellum talið stafa af hinni fyrirhuguðu framkvæmd og hættan mikil í níu tilfellum og lítil í 30 tilfellum á 29 stöðum. Í tveimur tilfellum er engin hætta talin stafa af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum.

Einar fornleifar eru taldar í talsverðri viðvarandi hættu vegna landeyðingar. Þessi hætta er alls óviðkomandi fyrirhugaðri framkvæmd (sjá fornleifaskrá).

Túnakort gáfu aðeins upplýsingar um fornleifar við Selás (nr. 63-68).

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og gördum er gjarnan þverskurður í gegnum þá, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullrannsakað. Sjá nánar um tillögu að mótvægisáðgerðum við einstakar fornleifar í töflu 1. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Fjölbreytni, heildir og upplýsingagildi

Talsverð fjölbreytni er í þeim fornleifum sem skráðar voru í þessu verkefni. Skráðar voru rústir eyðibýlis, selstöðu, óskilgreindar rústir, og refagildra svo þær helstu séu nefndar. Þær eru frá ýmsum tímum og gætu undir sumum þeirra leynst minjar frá því fyrir 1550, eða frá miðöldum. Allt eru þetta vitnisburðir um búskaparhætti fyrri alda.

Svona skráning á afmörkuðu belti sem sker sig í gegnum ýmiss byggðarlög nær sjaldan yfir heildir minja svo sem heil bæjarstæði eða heil garðakerfi. Þó hendir það stundum eins og dæmið með Selás er (nr. 63–68) og Selið (nr. 108). Þó einstaka fornleifar á þessum tveimur stöðum hafi mis há minja- og varðveislugildi, hafa staðirnir í heild sinni há gildi.

Áhrif framkvæmda og mótvægisáðgerðir

Hinar fyrirhuguðu framkvæmdir hafa mismikil áhrif á fornleifarnar. Þar sem hættan er talsverð eða mikil væri hægt að hnika til línunni til að koma í veg fyrir rask á þeim. Eins ætti að vera hægt að miða staurasetningu við fornleifar og halda a.m.k. 15 m reglunni til haga. Sé ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Minjastofnun Íslands ákvarðar hverjar þær verða og setur þá skilmála sem stofnunin kann að þykja nauðsynlegir. Engar

fornleifar sem nú voru skráðar eru svo mikilvægar að ekki megi raska þeim með þeim skilmálum sem Minjastofnun Íslands setur.

Niðurstaða

Tvennar fornleifar eru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. 10 fornleifar hafa talsverð gildi í báðum flokkum og afgangurinn talin hafa lág gildi (sjá töflu 1).

Níu fornleifar teljast vera í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda og 31 fornleifar á 30 stöðum eru í lítilli hættu. Tvennar eru ekki í neinni hættu.

Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum og breyta lítillega um leið línunnar í mörgum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Leiðin er ásættanleg út frá fornleifum með fyrirvara um mótvægisáðgerðir.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir


- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í V- og A-Húnavatnssýslu vegna lagningu Holtavörðuheidarlínu 3 frá Hrútafirði að Blönduvirkjun. Valkostir B, B1 og B2.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2022.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823.* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.
- Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847:29.
- Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.


Örnefnaskrár og túnakort:


- Túnakort.* Selás. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Örnefnaskrá. Auðunarstaðir og Selás. Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá. Bálkastaðir. Helgi Guðmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá. Brandagil. Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.
- Reynhólar. Örnefnaskrá. Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Sveitarfélagið Húnaþing vestra Nr. 51:1 – 72:1 og 107:1 – 110:1
Húnavatnshreppur Nr. 6:1 – 18:1.







Mynd 6. Staðsetning fornleifa nr. 11–14 í Húnavatnshreppi.




Mynd 7. Staðsetning fornleifa nr. 8–10 og 17–18 í Húnavatnshreppi.






Mynd 10. Staðsetning fornleifa nr. 69 í Húnaþingi vestra. Rauðu punktarnir neðst til vinstri eru fornleifar nr. 63–68 og sést á næstu mynd.



Mynd 11. Staðsetning fornleifa nr. 51 og 63–68, Seláss, í Húnaþingi vestra.



Mynd 12. Staðsetning fornleifa nr. 62 og 70 í Húnaþingi vestra.



Mynd 13. Staðsetning fornleifa nr. 57–61 í Húnaþingi vestra.



Mynd 14. Staðsetning fornleifa nr. 54–56 og 107–110 í Húnaþingi vestra.



Mynd 15. Staðsetning fornleifa nr. 66–56 og 71–72 í Húnaþingi vestra.